

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Hveramýri úr landi Garðs.

Í deiliskipulaginu felst að markaðar eru sjö frístundalóðir þar sem heimilt er að reisa allt að 180 m² frístundahús með hámarkshæð 6 m. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 7. október 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 227 10. mars 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. janúar 2014.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2014